Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

VEITUR

REYKJAVÍK 30. APRÍL 2020

ENDURBÆTUR VIÐ LAUGALÆK

Til húseigenda, íbúa og rekstraraðila við gatnamót Laugalækjar og Hrísateigs.



FRAMKVÆMDIN

Fyrirhugað er að að endurgera gatnamót Laugalækjar og Hrísateigs ásamt endurnýjun lagna. Sömuleiðis verður grenndarstöðin á staðinum endurgerð. Meðfylgjandi er teikning sem sýnir fyrirhugað útlit gatnamótanna.

HVENÆR?

Áætlað er að framkvæmdin hefjist í júní og ljúki í október.

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

VEITUR

NIÐURSTAÐAN VERÐUR FALLEGRA UMHVERFI SEM ÞJÓNAR ÍBÚUM OG FYRIRTÆKJUM BETUR Á ÞESSUM MIKILVÆGA STAÐ Í HJARTA HVERFISINS.

HVAÐ ÆTLUM VIÐ AÐ GERA?

• Ný gatnamót verða upphækkuð og hellulögð.

• Öryggi gönguleiða verður bætt og settar verða leiðilínur við gatnamótin.

• Komið verður fyrir gróðurbeðum við Laugalæk sem eru hluti af blágrænum ofanvatnslausnum.

• Fráveitulögn verður endurnýjuð ásamt því að leggja nýja regnvatnslögn. Vatnsveitulagnir verða einnig endurnýjaðar.

• Komið verður fyrir grenndarstöð með niðurgröfnum gámum í Hrísateig í stað núverandi grenndarstöðvar.

• Aðliggjandi gangstéttir og gámasvæði verður hellulagt.

Ástæðan fyrir því að valdir hafa verið niðurgrafnir djúpgámar er að slíkir gámar þykja hentugur kostur þar sem þeir taka minna pláss af yfirborði og þykja snyrtilegur og aðgengilegur valmöguleiki við skil á endurvinnsluefnum.

Upplýsingar um verkefnið eru á borgarvefsja.reykjavik.is/framkvaemdasja

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14,
105 Reykjavík,
s. 411-1111

Veitur ohf
Bæjarháls 1,
110 Reykjavík,
s. 516-6000